

Þriðjudaginn 19. október 1943.

Nr. 9/1943. Þórður Guðmundsson (Eggert Claessen hrl.)
 gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Hlífar (Ragnar Ólafsson hrl.).

Úrskurður.

Í máli þessu, sem tekið var til dóms 12. þ. m., er þess krafizt, að stefndi verði dæmdur til greiðslu sekta og skaðabóta vegna afgreiðslubanns, sem hann setti á báta og bila stefnanda sökum vinnudeilu, er stefnandi ásamt öðrum átti í s.l. vetur við Verkalýðs- og sjómannafélag Gerða- og Miðneshrepps.

Málið nr. 6/1943: Þórður Guðmundsson gegn Alþýðusambandi Íslands eða til vara Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps, sem nú er rekið hér fyrir dómi, snýst um það, hvort verkfall það, sem nefnt verklýðsfélag hóf 27. jan. s.l., og beindist m. a. gagnvart stefnanda þessa máls, hafi verið löglegt, og er í því máli krafizt, að verkfallið verði metið ólöglegt frá upphafi gagnvart stefnanda. Með því að deilt er þannig að nokkru leyti um lög-mæti verkfalls þess, sem stefndi er sóttur til ábyrgðar fyrir að hafa stutt, þykir eftir atvikum rétt að fresta dómsuppsögu í máli þessu, þar til úrslit eru fengin í félagsdómsmálinu nr. 6/1943.

Því úrskurðast:

Dómsuppsögu í máli þessu er frestað, unz úrslit eru fengin í málinu nr. 6/1943.

Þriðjudaginn 19. október 1943.

Nr. 10/1943. Vinnuveitendafélag Íslands f. h. H/f Miðnes
 (Eggert Claessen hrl.)
 gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Hlífar (Ragnar Ólafsson hrl.).

Úrskurður.

Í máli þessu, sem tekið var til dóms 12. þ. m., er þess krafizt, að stefndi verður dæmdur til refsingar fyrir að hafa hafið

ólögmætt samúðarverkfall gagnvart stefnanda í sambandi við vinnudeilu, er stefndi ásamt öðrum átti í s.l. vetur við Verkalýðs- og sjómannafélag Gerða- og Miðneshrepps.

Málið nr. 7/1943: Vinnuveitendafélag Íslands f. h. H/f Miðnes gegn Alþýðusambandi Íslands eða til vara Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps, sem nú er rekið hér fyrir dómi, snýst um það, hvort verkfall það, sem nefnt verklyðsfélag hóf 27. jan. s.l. og beindist m. a. gagnvart stefnanda hafi verið löglegt. Er í því máli gerð krafa um það, að verkfallið verði metið ólöglegt frá upphafi gagnvart stefnanda þessa máls.

Með því að deilt er þannig að nokkru leyti um lögmæti verkfalls þess, sem stefndi er sóttur til sakar fyrir að hafa stutt, þykir eftir atvikum rétt að fresta dómsuppsögu í máli þessu þar til fengin eru úrslit í félagsdómsmálinu nr. 7/1943.

Því úrskurðast:

Dómsuppsögu í máli þessu er frestað, unz úrslit eru fengin í málinu nr. 7/1943.

Þriðjudaginn 26. október 1943.

Nr. 17/1943. Síldarverksmiðjur ríkisins

(Einar B. Guðmundsson hrl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Þróttar (Ragnar Ólafsson hrl.).

Mál út af ágreiningi um kaupgjaldsákvæði kjarasamnings.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 8. júlí þ. á., af Síldarverksmiðjum ríkisins gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Þróttar, Siglufirði.

Málavextir eru þessir:

Í síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði er tilhögun vinnu sú, að unnið er í vöktum meðan síldarvinnsla stendur yfir. Vinna vaktamenn tvær 6 stunda vaktir eða 12 tíma samtals á sólarhring. Verkamenn þessir munu vera ráðnir með mánað-